



## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Andrés Erlingsson verkefnastjóri og Gunnar Björnsson rekstrarstjóri  
Borgarskjalasafns Reykjavíkur

### **Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um beiðnakerfi**

Á fundi stafræns ráðs þann 28. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa flokksins, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Hefur skjölum verið eytt hjá Borgarskjalasafni frá því að borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að leggja safnið niður þann 7. mars 2023. Ennfremur, hefur einhverjum skjölum verið eytt hjá safninu eftir ljósmyndun? Ef svo er, er óskað eftir lista yfir skjölin, bæði afhendingaraðila, tegund skjala og magn. Halda skal lista yfir skjöl sem er eytt skv. 4. grein reglna nr. 627/2010 og 3. grein reglna 1022/2023*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 8. apríl 2024.

### **Svar:**

*Hefur skjölum verið eytt hjá Borgarskjalasafni, frá 7. mars 2023 ?*

Reglur nr. 1022/2023 um varðveislu og eyðingu skjala úr fjárhagsbókhalði afhendingarskyldra aðila kveða á um að eyða megi öllu fjárhagsbókhalði að undandskyldum ársreikningi sjö árum eftir að reikningsári lýkur. Í 4. gr. reglnanna kemur fram að 1. tölul. 3. gr. reglna nr. 627/2010 um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnana þeirra (fylgiskjöl fjárhagsbókhalds) falla úr gildi. Það þýðir að eyða má þeim sýnishornum fylgiskjala fjárhagsbókhalds sem hafa verið tekin áður skv. eldri reglum. Þó ber að varðveita fjárhagsbókhalð sem hefur orðið til fyrir árið 1960, sbr. viðmiðun sem getið er í greinargerð um frumvarp sem varð að lögum um opinber skjalasöfn.

Þann 31. janúar 2024 voru eftirtalin gögn grisjuð í samræmi við ofangreindar reglur Þjóðskjalasafns Íslands:

- Borgarbókhalð fylgiskjöl eignasjóður 2005
- Borgarbókhalð fylgiskjöl fjármáladeild 2005
- Borgarbókhalð fylgiskjöl fjármáladeild 2004-2006



Reykjavíkurborg

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

- Borgarbókhald fylgiskjöl fjármáladeild 2010-2011
- Borgarbókhald fylgiskjöl ÍTR 2000 og 2005
- Borgarbókhald fylgiskjöl Fræðslumiðstöð 2005
- Borgarbókhald fylgiskjöl Leikskólar Rvk 2005
- Borgarbókhald fylgiskjöl ÍTR 2003 og 2005
- Borgarbókhald fylgiskjöl 2010-2011
- Borgarbókhald fylgiskjöl millifærslur 2005 og 2010
- Borgarbókhald fylgiskjöl Leikskólar- Menntasvið 2005

*Hefur einhverjum skjölum verið eytt hjá safninu eftir ljósmyndun?*

Nei, engum skjölum hefur verið eytt eftir ljósmyndun þeirra.

F.h. Borgarskjalasafns Reykjavíkur,

Andrés Erlingsson verkefnastjóri

og

Gunnar Björnsson rekstrarstjóri